

Frá umhverfisnefnd Stóru-Vogaskóla

Staðan í lok apríl

Í nefndinni sitja fulltrúar nemenda, kennara, ræstingafólks, umsjónarfólks, foreldra og stjórnenda skólans.

Sjö skref að Grænfána

1. umhverfisnefnd
starfar innan skólans,



2. staða
umhverfismála í
skólanum metin,



3. áætlun gerð um
aðgerðir og
markmið til
umhverfisbóta í
skólanum,



Fulltrúar í Umhverfisnefnd

Bekkur	Aðalfulltrúi	Varafulltrúi
• 5. bekkur	Helga Sif	Aron Snær
• 6. bekkur	Hlynur Freyr	Nökkvi
• 7. bekkur	Röskva	Hrafnkell
• 8. bekkur	Hrafnhildur	Gunnar
• 9. bekkur	Anna Kristín	Daníel Andri
• 10. bekkur	Þórarinn	Bjarmi

Að auki eru Svava, Þorvaldur Særún og Oktavía

Yfirlit yfir fundi umhverfisnefndar Stóru- Vogaskóla árið 2011

1. 16. mars kl. 9:35. 13 mættir: aðal- og varafulltrúi hvers bekkjar (5.-10.), skólastjóri, stuðningsfulltrúi og 2 kennarar. 5. bekkur forfallaðist (vvar í Reykjavík). Nemendur skiptu milli sín gátlista, töluðu við fólk í skólanum og merktu við afar mörg atriði, hvort það sé í lagi eða þurfi úrbæður. Tveir fulltrúar hvers bekkjar unnu saman.
2. 23. mars kl. 10:15. 11 mættir. Lokið við að skrá á gátlista og nemendur kynntu sinn lista fyrir allri nefndinni.
3. 30. mars. Kl. 9:35 – 10:15. 9 mættir. Nemendur fóru yfir listana sína og skráð var hvað er í lagi og hvað er ekki í lagi.
4. 6. apríl kl. 10:15 – 10:40 8 mættir. Áfram með það sama, hugmyndir þússaðar og fleiri skráðar

Skólastjóri og fulltrúar kennara hafa hist nokkrum sinnum að auki.

Hvað er **í góðu lagi** í skólanum okkar?

- Lögð er áhersla á að kaupa til skólans vandaða hluti sem endast vel og innkaup og vöruflutningar eru vel skipulagðir til að halda flutningum í lágmarki.
- Keyptur er pappír með viðurkenndum umhverfismerkjum.
- Öll hættuleg efni eru merkt og geymd á öruggum stað.
- Keyptar eru íslenskar vörur eins og mögulegt er.
- Flokkað í endurvinnslu: rafmagnsvörur, tæki, rafhlöður, pappír o.fl.
- Fólk er minnt á að slökkva ljós og loka gluggum í lok dags á þar til gerðum miða við dyr (vantar í nokkrar stofur).
- Flestar vörur og efni eru með viðurkenndum umhverfismerkjum, m.a. pappír og hreinlætisvörur.

Hvað er **ekki** í lagi í skólanum okkar?

- Loftræsting er léleg á mörgum stöðum og loftræstikerfið óhreint.
- Ekki er fyllt á prenthylki í prenturum heldur eru keypt ný (sem er mun ódýrara).
- Fuglar eru ekki laðaðir að skólalóðinni með því að gefa þeim. **Athuga.**
- Skólinn tekur ekki þátt í skipulögðum hreinsunardögum. **Athuga**
- Ekki er umhverfisstefna í skólanum og þar af leiðandi eru foreldrar og nemendur ekki fræddir um hana. **Athuga.**
- Nemendur fá ekki markvissa útikennslu til að læra að þekkja og bera virðingu fyrir nánasta umhverfi skólans og bæjarins.
- Nemendur þekkja ekki vernduð eða friðlýst svæði í nágrenninu og taka ekki þátt í verkefnum þar.
- Ekki eru öll gluggatjöld úr taui sem hægt er að þvo.
- Ekki eru öll gluggatjöld dregin fyrir á nóttinni að vetri til til að spara upphitun.
- Flokkun á sorpi hefur ekki verið kynnt og ekki er flokkunarstöð í skólanum.
- Lífrænir afgangar eru ekki jarðgerðir.

Fundaráætlun til vors – á miðvikudögum

- 4. maí kl. 9:35-10:15
- 11. maí kl. 10:15-10:55
- 18. maí kl. 9:35-10:15
- 25. maí kl. 10:15 – 10:55
- Aðalviðfangsefni framundan er að skipuleggja flokkun sorps í skólanum.